



GJALDSKRÁ

fyrir söfnun, meðhöndlun, móttöku og flokkun úrgangs í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skv. 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 898/2022.

2. gr.

Gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:

<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
120 l spartunna sótt á 28 daga fresti	21.400
240 l grá tunna sótt á 28 daga fresti	34.900
660 l kar sótt á 14 daga fresti	143.550
660 l kar sótt á 28 daga fresti	95.700
1.100 l kar sótt á 14 daga fresti	239.250
1.100 l kar sótt á 28 daga fresti	159.500
	<i>kr./losun</i>
6 m ³ gámur	35.300
8 m ³ gámur	47.100

Þessi gjaldskrá gildir fyrir græna tunnu í núverandi kerfi, en mun falla úr gildi þegar nýtt fjögurra tunnu kerfi hefur verið innleitt í úrgangsjónustu íbúa. Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plast, pappír og málma:

<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
240 l tunna sótt á 14 daga fresti	10.200
660 l kar sótt á 14 daga fresti (fjölbýli, þéttbýli)	28.050
660 l kar sótt á 28 daga fresti (dreifbýli)	10.200
660 l kar sótt á 7 daga fresti	42.075



1.100 l kar sótt á 14 daga fresti	46.750
1.100 l kar sótt á 7 daga fresti	70.125
	<i>Kr./losun</i>
6 m ³ gámur	24.500
8 m ³ gámur	32.000

Þessi gjaldskrá tekur gildi þegar nýtt fjögurra tunnu kerfi hefur verið innleitt í úrgangspjónustu íbúa. Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:

Tegund íláts og hirða	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
240 l tunna sótt á 21 dags fresti	5.100
660 l kar sótt á 21 dags fresti (fjölbyli, þéttbyli)	14.025
660 l kar sótt á 28 daga fresti (dreifbyli)	5.100
1.100 l kar sótt á 21 dags fresti (fjölbyli, þéttbyli)	23.375
	<i>Kr./losun</i>
6 m ³ gámur	24.500
8 m ³ gámur	32.000

Þessi gjaldskrá tekur gildi þegar nýtt fjögurra tunnu kerfi hefur verið innleitt í úrgangspjónustu íbúa. Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:

<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
240 l tunna sótt á 21 dags fresti (þéttbyli)	5.100
240 l kar sótt á 28 daga fresti (dreifbyli)	5.100
660 l kar sótt á 21 dags fresti (fjölbyli, þéttbyli)	14.025
1100 l kar sótt á 21 dags fresti (fjölbyli, þéttbyli)	23.375



	<i>Kr./losun</i>
6 m ³ gámur	24.500
8 m ³ gámur	32.000

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, lífúrgang.

Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
120 l tunna sótt á 14–28 daga fresti	10.900

Gjaldi fyrir tunnur og ker er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun eða endurvinnslu úrgangs. Gjaldi fyrir gáma er ætla að standa undir kostnaði við hirðu og förgun eða endurvinnslu.

Aðrir gjaldaliðir:

Gjald fyrir aukalosun: 4.700 kr./ferð auk 1.650 kr./ílát sem losað er.

Gjald vegna reksturs gámasvæða fyrir frístundahús: 34.585 kr./frístundahús. Gjaldi vegna reksturs gámasvæða er ætlað að standa undir kostnaði vegna reksturs gámasvæða í frístundabyggðum og vegna reksturs móttökustöðvar í Borgarnesi.

Gjald vegna reksturs grenndarstöðva og móttökustöðvar í Borgarnesi: 26.900 kr./íbúð.

Gjaldi vegna grenndar- og móttökustöðva er ætlað að standa undir rekstri grenndarstöðva fyrir íbúa og vegna reksturs móttökustöðvar í Borgarnesi.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta: 3.500 kr. í hvert sinn sem óskað er breytinga.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

Ef íbúðarhúsnæði er nýtt til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu og engar tunnur eru er innheimt gjald vegna reksturs grenndar- og móttökustöðva: 26.900 kr./íbúð.



3. gr.

Gjaldskrá vegna móttökustöðvar í Borgarnesi skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við byggingarvísitölu um hver áramót. Neðangreind verð miða við grunnvísitölu í desember 2022:

Brotmálmar:	3.858 kr. pr. m ³
Brotmálmar:	14,69 kr. pr. kg
Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva):	16.147 kr. pr. stk.
Timbur (ómengað og hæft í kurlun):	1.982 kr. pr. m ³
Timbur (blandað, mengað eða óhæft í kurlun):	3.861 kr. pr. m ³
Gler og postulín:	1.982 kr. pr. m ³
Garðaúrgangur:	1.982 kr. pr. m ³
Jarðvegur, grjót og múrbrot:	1.982 kr. pr. m ³
Pappír (ekki bylgjupappi):	4.929 pr. m ³
Ópressanlegur úrgangur, s.s. húsgögn:	2.660 kr. pr. m ³
Blandaður pressanlegur úrgangur:	5.319 kr. pr. m ³

Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkaðan úrgang á móttökustöðina. Ef ekki er forflokkað leggst 20% álag ofan á uppgafið verð.

Atvinnurekandi skal ávallt kvitta undir hjá starfsmanni móttökustöðvarinnar vegna móttöku hans á úrganginum á þar til gert eyðublað í þríriti. Borgarbyggð sendir síðan innheimtuseðil á viðkomandi atvinnurekanda.

Íbúar sveitarfélagsins geta komið með allt að 8 rúmmetrum af úrgangi frá heimilum á ári, á móttökustöðina í Borgarnesi, án þess að þurfa að greiða fyrir.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur ákveðið að gefa út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Tekið er á móti ýmsum úrgangi, s.s. spilliefnum, rafeindabúnaði/raftækjum, bylgjupappa, hjólbörðum, rúlluplasti, sparperum, flúrperum og fatnaði, án endurgjalds.

**4. gr.**

Gjaldskrá vegna úrgangs sem verktakar hafa gert samning við Borgarbyggð um að farga megi á urðunarstaðnum við Bjarnhóla skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við byggingarvísitölu um hver áramót. Neðangreind verð miða við grunnvísitölu í desember 2022:

Timbur (ómengað og hæft í kurlun):	1.433 kr. per m ³
Garðaúrgangur:	600 kr. per m ³
Jarðvegur:	600 kr. per m ³
Grjót og múrbrot:	1.854 kr. per m ³
Hrossatað:	1.067 kr. per m ³

Ekki verður heimilt að meðhöndla annan úrgang en að ofan greinir á þessum urðunarstað. Urðunarstaðurinn er afgirtur, læstur og undir eftirliti.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 7. desember 2022, staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1715/2021.

Borgarnesi, 19. desember 2022.

Stefán Broddi Guðjónsson
sveitarstjóri.